

AUGLÝSING

76

9. des.

um aðild Íslands að samkomulagi hinna Norðurlandanna frá 22. maí 1954, um að leysa ríkisborgara þessara landa undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu.

Með erindaskiptum milli Íslands og Danmerkur, dags. 11. og 20. október 1955, Íslands og Finnlands, dags. 3. og 9. nóvember 1955, Íslands og Noregs, dags. 14. nóvember 1955, og Íslands og Svíþjóðar, dags. 3. nóvember 1955, hefur verið gengið frá aðild Íslands að samkomulagi hinna Norðurlandanna frá 22. maí 1954, um að leysa ríkisborgara þessara landa undan skyldu til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu.

Jafnframt hefur Ísland um leið gerzt aðili að samkomulagi hinna Norðurlandanna frá 14. júlí 1952, um skyldu til að veita aftur viðtöku ólöglega innfluttum útlendingum.

Gildistaka aðildar Íslands að framangreindum Norðurlandasamningum miðast við 1. desember 1955.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

L Ö G

77

16. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1956.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1956 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.